

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

*Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Ekru.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Ekru í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Heimilt verður að reisa hesthús á lóðinni með tímabundið stöðuleyfi.

*Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Undralands.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Undralands, í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Heimilt er að hafa þrjár íbúðir í húsinu.

*Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal, efri Reykjamelar - Ásar.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal, efri Reykjamelar – Ásar, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Svæði sem ætlað var fyrir tvær lóðir er breytt og heimilt verður að skipta því í þrjár lóðir með einu íbúðarhúsi á hverri lóð.

*Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Grundabæjar, Dælustöðvarvegur 8.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Grundabæjar, Dælustöðvarvegur nr. 8, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í því að heimilt verður að breyta byggingarreit og byggja bílskúr. Jafnframt var hámarksbyggingarmagn aukið.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 27. október 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005